

## \*Tollflokkun

### Úrskurður nr. 8/2004.

**Kærð er sú ákvörðun tollstjóra að tollflokka bifreið af gerðinni Ford Cutaway Van 350E sem húsbíl. Kærandi krefst þess að bifreiðin verði flokkuð sem bifreið ætluð til vöruflutninga. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra.**

### Tollalög nr. 55/1987 100. gr og 101 gr.

Með bréfi, dags. 30. júní 2004, er barst nefndinni þann 8. júlí. s.á. kærir L., fyrir hönd K. úrskurð tollstjóra nr. 12/2004, dags 28. maí 2004. Í nefndum úrskurði er ákvarðað að bifreið af gerðinni Ford Cutaway Van 350E árgerð 1995 verði tollflokkuð í tnr. 8703.2499, þ.e. sem bifreið aðallega hönnuð til mannflutninga. Kærandi gerir kröfu um að bifreiðin verði flokkuð sem bifreið gerð til vöruflutninga í tnr. 8704.3129.

Í kærinni er þess m.a. krafist að bifreiðin verði tollflokkuð í samræmi við upphafleg tollafgreiðslugögn, þ.e. að hún verði flokkuð undir tollskrárnúmerið 8704.3299. Þá segir að kærandi hafi flutt inn bifreiðina í desember 2003. Um sé að ræða bifreið sem sé 7 m löng og 5.715 kg. að þyngd og með tvöföld dekk að aftan. Samkvæmt tollskýrslu TVG-ZIMSEN, hafi bifreiðin verið tollflokkuð í tnr. 8704.3299 og aðflutningsgjöldin ákvörðuð kr. 195.150. Starfsmenn tollstjóra gerðu athugasemd við þessa tollflokkun og töldu að bifreiðin væri réttilega flokkuð í tnr. 8703.2499. og aðflutningsgjöldin samkvæmt því kr. 566.072.

Þessari flokkun mótmælir kærandi með vísan til notagildis, þyngdar og stærðar bifreiðarinnar. Þá er farið fram á að ríkistollanefnd athugi í þessu sambandi tollflokkun á sambærilegum bifreiðum sem hafa verið fluttar inn, þar sem hugsanlegt er að ósamræmis gæti í ákvörðunum tollfyrivalda varðandi tollflokkun á þessum tilteknu bifreiðum. Einnig er óskað eftir því að nefndin rannsaki bifreiðina í því skyni að fá niðurstöðu varðandi það hvort hún teljist bera nægilega sterk einkenni þess að teljast fólsbifreið og tollflokkað undir tnr. 8703.2499.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að innflytjandi hafi lagt fram við tollafgreiðslu aðflutningsskýrslu þar sem bifreiðin var tollflokkuð í tnr. 8704.3299 notuð ökutæki til vöruflutninga (bensín) að heildarþyngd yfir 5 tonn með vörurými. Starfsmenn tollstjóra gerðu athugasemd við þessa flokkun og töldu að bifreiðin væri rétt flokkuð í tnr. 8703.2499 sem notað ökutæki aðallega gerð til mannflutninga, með bensínhreyfli með meira en 3000 rúmsentimetra sprengirými. Sendingin var þannig tollafgreidd þann 19. desember 2003.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að bifreið sú sem hér um ræðir sé í grunninn af gerðinni Ford 350 sem upphaflega hafi verið framleidd til vöruflutninga. Bifreiðinni hafi verið breytt á þann veg að fyrir aftan yfirbyggingu fyrir ökumann hafi verið sett á grindina hús sem hýsir fólk bæði til íbúðar og ferðalaga. Bifreiðar svona útbúnar geti verið innréttáðar á ýmsa vegu til þæginda fyrir þá sem þar dvelja allt eftir óskum eiganda og kallast á ensku ýmist campers eða motorhomes.

Tollstjóri vitnar til þess að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmda tollskrá. Alþjóðatollastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes). Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar er birt sem viðauki I við lögina.

Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: *Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:*

Við mat á því hvor vöruliðurinn sem hér er um deilt eigi við verður því fyrst og fremst að líta til orðalags þeirra, annars vegar orðalags vöruliðar 8703. „Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílur og kappakstursbílur“, og hins vegar orðalags vöruliðar 8704 „Ökutæki til vöruflutninga“.

Síðan segir í úrskurði tollstjóra að vörur sem fluttar séu til landsins séu tollflokkaðar miðað við ástand þeirra þegar þeim er framvísað við tollyfirvöld, þ.e. við innflutninginn. Hvort varan hafi einhvern tímann áður litið öðruvísi út eða muni taka einhverjum breytingum eftir innflutninginn skipti ekki máli í þessu tilliti. Bifreið sú sem hér um ræðir var upphaflega framleidd til vöruflutninga en hefur síðan verið breytt og er hún við innflutninginn allt öðruvísi útbúin og getur alls ekki lengur talist ökutæki til vöruflutninga. Nú sé hún þannig útbúin ýmsum þægindum fyrir fólk til að ferðast með bifreiðinni og dvelja þar á áfangastað, m.a. er yfirbyggingin búin gluggum með gluggatjöldum. Yfirbyggingin hentar engan veginn til vöruflutninga, á henni eru til að mynda ekki neinar hleðsludyr fyrir farm.

Eins og fyrr segir er íslenska tollskráin byggð á alþjóðlegri fyrirmynd og Alþjóðatollastofnunin hefur gefið út skýringarbækur um túlkun hennar (Explanatory Notes). Í skýringum við vörulið 8703 eru taldar upp nokkrar gerðir ökutækja sem falla undir þann vörulið. Liður (3) hljóðar svo: „Motor homes (campers, etc.), vehicle for the transport of persons, specifically equipped for habitation (with sleeping, cooking, toilet facilities, etc.)” Lýsing þessi á ökutækjum sem falla undir vörulið 8703 í tollskrá er einmitt lýsingin á því ökutæki sem hér er til umfjöllunar.

Tollstjóri úrskurðar, skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, að bifreið af gerðinni Ford Cutaway Van 350 árgerð 1995, með fast númer DJ-398, sem flutt var til landsins í sendingu númer E SKO 02 12 3 US PHL W312, skuli flokkast í tollskrárnúmer 8703-2499 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 8. júlí 2004. Í svari sem barst nefndinni þann 28. s.m. segir m.a.: Embættið hefur skoðað þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu. Um er að ræða tvær aðflutningsskýrslur (upphafleg skýrsla sem lögð var fram þegar óskað var tollafgreiðslu bifreiðarinnar og leiðréttingarskýrsla sem skilað var í kjölfar athugasemdar tollstjóra), vörureikning, dags. 7.10.2003, tilkynningu um skráningu frá Umferðarstofu, dags. 11.12.2003, flutningstillkynningu frá Eimskipum, dags. 2.12.2003, skráningarskirteini útgefið 29.9.2003, sölukvittun dags. 31.10.2003. Með kæru fylgdu að auki eftirtalin gögn: „Automobile inventori & check sheet” frá Eimskipum, dags. 11.5.2003, flutningsgjaldreikningur frá Eimskipum, dags. 2.12.2003, upphafleg aðflutningsskýrsla sem lögð var fram í málinu, dags. 12.12.2003, reikningur TVG Zimsen, dags. 12.12.2003, greiðslukvittun tollstjórans í Reykjavík, dags. 19.12.2003 og bréf kæranda, dags. 29.12.2003. Tollstjóri tekur undir það sem fram kemur í úrskurði tollstjóra að við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu.

Ljóst sé að við mat á því hvernig tollflokka skuli umrædda bifreið beri að líta til orðalags vöruliða sem ágreiningur snýst um. Annars vegar komi til álitu orðalag vöruliðar 8703 *Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, aðallega gerð til mannflytninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar* sem embætti tollstjóra telur vera rétt. Hins vegar komi til álitu orðalag vöruliðar 8704 *Ökutæki til vöruflutninga*.

Enn fremur er tollstjóri sammála því sem fram kemur í hinum kærða úrskurði að tollflokkan vara sem fluttar eru til landsins skuli miðuð við ástand þeirra þegar þeim er framvísað við tollyfirvöld við innflutning. Skipti í því sambandi ekki máli hvort varan hafi einhvern tíman áður litið allt öðruvísi út, t.d. verið framleidd upphaflega með allt aðra eiginleika en síðar verið breytt á þann hátt að hún nýtist til annarra hluta þegar að innflutningi kemur. Bifreið sú sem hér um ræðir hafi upphaflega verið framleidd til vöruflutninga en síðan verið breytt á þann hátt að hún er nú útbúin ýmsum þægindum fyrir fólk til að ferðast með og dvelja í henni á áfangastað. Á henni sé m.a. yfirbygging með gluggum og þar til gerðum gluggatjöldum. Slíkar yfirbyggingar henta á engan hátt til vöruflutninga að mati tollstjóra og bendir hann á að ekki séu neinar hleðsludyr fyrir farm á umræddri yfirbyggingu. Bifreiðin sem hér um ræðir var flutt inn og tollafgreidd miðað við það ásigkomulagi sem lýst hefur verið hér að framan. Bifreiðar af þeim toga sem hér um ræðir geta verið innréttaðar á ýmsa vegu til þæginda fyrir þá sem þar dvelja og skv. óskum eigenda og kallast þær á ensku “campers” eða “motorhomes”. Ljóst er að slíkar bifreiðar eru ekki ætlaðar til vöruflutninga. Í skýringarbók með túlkun tollskrárinnar (Explanatory Notes) sem gefin er út af Alþjóðatollastofnuninni kemur fram eftirfarandi skýring með vörulið 8703 (sjá bls. 1546-1547):

„87.03- Motor cars and other motor vehicles designed for the transport of persons (other than those of heading nr. 87.02), including station wagons and racing cars.

The heading also includes:

3) Motor-homes (campers, etc.), vehicles for the transport of persons, specially equipped for habitation (with sleeping, cooking, toilet facilities, etc.)”

Það er mat embættisins að framangreind skýring eigi við um þá bifreið sem um er rætt í þessu máli.

Af lýsingu í skýringarbók við vörulið 8704 að dæma telur embættið á engan hátt unnt að fallast á tollflokkan kæranda í máli þessu en þar segir m.a.:

„84.04-Motor vehicles for the transport of goods.

This heading covers in particular

Ordinary lorries and vans (...); delivery trucks and vans of all kinds, removal vans; lorries with automatic discharging devices (tipping lorries, etc.); tankers (...); refrigerated or insulated lorries; multi-floored lorries for the transport of acid in carboys, cylinders of bitane, etc.; dropframe heavy-duty lorries with loading ramps for the transport of tanks, lifting or excavating machinery, electrical transformers, etc.; lorries specially constructed for the transport of fresh concrete,...

This heading also covers; (1) Dumpers...(2) Shuttle cars...(3) Self-loading vehicles...(4) Road-rail lorries...”

Þá hafnar embættið þeim rökstuðningi kæranda að tollflokka eigi umrædda bifreið í tnr. 8704-3299 með vísan til notagildis, þyngdar og stærðar. Það er augljóst að mati embættisins, af útliti bifreiðarinnar að dæma að notagildi hennar miðast fyrst og fremst við fólksflutninga og er þess á milli ætluð sem dvalastaður fyrir fólk. Bifreiðin ber það á engan hátt með sér að hún sé ætluð til vöruflutninga.

Hvað varðar þyngd bifreiðarinnar og stærð skal þess getið að algengt er að ökutæki af sömu gerð séu sömu þyngdar og stærðar og umrætt ökutæki er. Er ekki um neina sérstöðu að ræða í því tilviki sem hér er til umfjöllunar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að hann hafi látið kanna tollflokkan á sambærilegum bifreiðum sem fluttar hafa verið inn á tímabilinu frá árinu 2003 til 28. júlí 2004. Gert var úrtak af tollafgreiddum bifreiðum í tnr. 8704-2211, 8704-2299, þ.e. ökutæki til vöruflutninga að heildarþyngd 5 tonn til og með 20 tonn (dísel) og bifreiðum í tnr. 8704-3211, 8704-3299 að heildarþyngd yfir 5 tonn (bensín) á framangreindu tímabili. Í ljós kom að einungis ein bifreið hafði verið nýskráð sem *húsbifreið* í notkunarflokki 115, samkvæmt gögnum frá Umferðarstofu. Ekki sé unnt að leggja tollafgreiðslu þeirrar bifreiðar til grundvallar sem fordæmisgefandi í máli þessu.

Með vísan til ofanritaðs er þess krafist af hálfu embættisins, að úrskurður tollstjóra dags. 28. maí 2004, varðandi sendingu E SKO 02 12 3 US PHL W312, verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar. Með bréfi, dags. þann 9. ágúst s.l., sem móttækið var hjá nefndinni þann 23. s.m. er farið fram á að ríkistollanefnd skoði ökutækið og kanni hvort það hafi nægilega sterk einkenni til að geta talist ökutæki aðallega gerð til mannflutninga. Kærandi telur að vöruskoðun sem framkvæmd var við innflutning ökutækisins hafi ekki verið nógu ítarleg til að hún sé lögð til grundvallar tollflokkan bifreiðarinnar. Að öðru leyti eru fyrri kröfur og rökstuðningur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Í þessu máli er deilt um tollflokkan bifreiðar af gerðinni Ford Cutaway Van 350E árgerð 1995 sem flutt var til landsins með sendingu númer E SKO 02 12 3 US PHL W312. Bifreiðin er með húsbílafirbyggingu. Tollstjóri krefst þess að hún verði tollflokkuð í tnr. 8703.2499, þ.e. sem bifreið aðallega hönnuð til mannflutninga. Kærandi gerir kröfu um að bifreiðin verði flokkuð í tnr. 8704.3129, þ.e. bifreið til vöruflutninga með vísan til stærðar hennar og burðargetu.

Nefndarmenn skoðuðu bifreiðina hjá umráðamanni hennar. Við skoðun kom í ljós að um er að ræða Ford Cutaway Van 350E grunnbifreið með 460 rúmtömmu bensínhreyfli. Bifreiðin er með tvöföldum hjólabúnaði að aftan. Heildarlengd bifreiðarinnar er um 7 metrar og þyngd hennar 5.715 kg. Bifreiðin var ekin 62.819 mílur við innflutning. Á grind bifreiðarinnar er hús sérútbúið til íveru á ferðalögum. Hurðir eru þrennar á bifreiðinni, framhurðir fyrir ökumann og framsætisfarþega og hurð á hægri hlið hennar um það bil 60 cm breið og manngeng. Fyrir framan hurðina er niðurfellanleg trappa sem auðveldar inngöngu fólks. Innangengt er úr ökumannshúsi í íveruhús.

Að innan er bifreiðin fullbúin sem húsbíll. Í bifreiðinni er tvöfalt rúm aftast, salerni með litlu baði eða baðaðstöðu. Eldunartæki eru í bifreiðinni og gasmiðstöð sem hitar neysluvatn og

rýmið. Svefnaðstaða er einnig fyrir ofan bílstjóra og framsætisfarþega. Bifreiðin er útbúin borði með sætisaðstöðu. Gluggatjöld eru fyrir gluggum og teppi á gólfi. Í bifreiðinni er einnig aukarafstöð. Utan á bifreiðinni eru festingar fyrir skyggni sem er útdraganlegt en bifreiðin kom ekki með skyggninu sjálfu.

Bifreiðin er ekki búin til vöruflutninga þar sem innrétting hennar miðast við búnað til ferðalaga með svefnaðstöðu, eldunaraðstöðu og hirslum, borðum o.s.frv. til að nota á ferðalögum. Hurð bifreiðarinnar er ekki samsvarandi hurðum sem afgreiddar eru með t.d. Ford Econoline sendibifreiðum. Þær hurðar eru ýmist tvöfaldar hurðir á lömum eða rennihurð sem opna stóran hluta hliðar eða tvöfaldar hurðir að aftan sem opna afturgöfl fyrir vöruhleðslu. Eins og fyrr segir er um að ræða eina hurð á hægri hlið sem engan veginn er til vöruflutninga. Bifreiðin er sérhönnuð til ferðalaga með búnaði sem einkennir slíkar bifreiðir

Eins og fram kemur í úrskurði tollstjóra á við flokkun á vöru í tollskrá að fara eftir túlkunarreglum hennar. Fyrsta reglan er eftirfarandi: *Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:* Tollflokka ber vöru eftir því hvernig hún kemur fyrir sjónir við innflutning. Það hefur ekki áhrif á tollflokkun þessarar bifreiðar að hún hafi verið framleidd sem bifreið ætluð til vöruflutninga ef við innflutning er búið að breyta henni í húsbifreið. Þá ber þess að geta að Ford Cutaway Van 305E er ekki sérstaklega farmleiddur til vöruflutninga. Hægt er að fá þessa bifreiðargerð með hinum aðskiljanlegustu útfærslum, s.s. hópflutningabifreið, kranabifreið, slökkvibifreið o.s.frv. Tollflokkun vöru fer eftir því hvernig varan er og til hverra nota hún er við innflutning.

Í úrskurði tollstjóra svo og í greinargerð hans er vitnað til skýringarbókar við tollskrá "Explanatory Notes" sem gefin er út af Alþjóðatollastofnuninni. Í þessu riti eru nánari skýringar og útlistanir á því hvaða vara flokkast í viðkomandi vöruliði. Í vöruliði 8703 liður 3. í skýringarbók er nefnd Motor-homes: Húsbíll (Campers, etc) ökutæki til flutnings á fólki, útbúinn sem íverustaður (með svefnaðstöðu, til eldunar mats, salernisaðstöðu o.s.frv.).... Eins og fram kemur hér að ofan er bifreið sú sem deilt er um flokkun á útbúin öllu þessu og eru nefndarmenn sammála um að lýsing Explanatory Notes falli að fullu og öllu að bifreið þeirri sem hér er til umfjöllunar. Nefndarmenn eru sammála um að flokka ber umrædda bifreið í tnr. 8703.2499.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og almennra reglna um túlkun tollskrár, lið 1. og 6. staðfestir ríkistollanefnd þá niðurstöðu sem fram kemur í úrskurði tollstjóra nr. 12/2004, dags. 28. júlí 2004, að tollflokka skuli bifreið af gerðinni Ford Cutaway Van 350E árgætt 1995 sem flutt var inn í sendingu E SKO 02 12 3 US PHL W312 í tnr. 8703.2499.